

Tillaga til ályktunar -Starfshópur um framkvæmd jafnréttisáætlunar-

Inngangur:

Á 62. ársþingi KSÍ árið 2008 var samþykkt jafnréttisáætlun KSÍ sem hefur það að markmiði að tryggja jafna möguleika allra til knattspyrnuíðkunar á Íslandi. Jafnréttisstefnan byggir á gildandi lögum og mannréttindasáttmálum sem Ísland er aðili að og er það vilji Knattspyrnusambands Íslands að allir, óháð kyni, stöðu og búsetu, hafi jafna möguleika á knattspyrnuíðkun og jafnréttissjónarmið séu samþætt allri starfsemi.

Tillaga:

Ársþing KSÍ felur stjórn KSÍ að skipa þriggja manna starfshóp sem ætlað er að leggja fram tillögur um aðgerðir og fylgja eftir jafnréttisáætlun KSÍ sem samþykkt var á 62. ársþingi KSÍ árið 2008.

Stjórn KSÍ